



## Alþýðusamband Íslands

### Félags- og menntamál í kjarasamningnum

Í kjarasamningnum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 21. desember s.l. og yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við samningagerðina er fjallað um nokkra þætti er varða félags- og menntamál.

#### Jöfnun lífeyrisréttinda

Kjarasamningi aðildarsamtaka ASÍ og SA fylgir yfirlýsing um lífeyrismál þar sem fram kemur að unnið verði áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Þar er jafnframt vísað til yfirlýsingar sömu aðila frá 5. maí 2011, þar sem gengið er út frá því að iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði hækki í áföngum á næstu árum. Í minnisblaði forsætisráðherra í tengslum við gerð kjarasamninga er jafnframt ákvæði um vinnu nefndar um jöfnun lífeyrisréttinda þar sem markmið um verklok eru áréttuð.

#### Húsnæðismál

Í minnisblaði forsætisráðherra í tengslum við gerð kjarasamninganna er vísað í samvinnuhóp um mótun húsnæðisstefnu. Í þeirri vinnu hafa fulltrúar ASÍ lagt fram tillögur sambandsins sem mótaðar voru fyrr á þessu ári. Þar er lagt til að farin verði „danska“ leiðin varðandi bæði almenna húsnæðiskerfið og félagslega húsnæðiskerfið. Í báðum tilfellum er áherslan á húsnæðisöryggi og að húsnæðiskostnaður sé viðráðanlegur. Tekið hefur verið vel í tillögur ASÍ í stefnumótunarvinnunni en niðurstaða liggur ekki fyrir, en áréttuð er í minnisblaðinu að samtökin muni hafa aðkomu að mótun endanlegra tillagna.

#### Menntamál

Ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún muni áfram vinna að umbótum í menntamálum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Af hálfu Alþýðusambandsins er áherslan í þessum efnunum á tvennt: Bætt staða þeirra sem hafa litla formlega menntun og efling verk- og starfsnáms. Þó ekki sé frá því gengið hvað fjárveitingar varðar, er skilningur á því að tryggja þurfi aukið fé til bæði Fræðslusjóðs og Vinnustaðanáamssjóðs á árinu.

#### Vinnumarkaðsstefna

Stjórnvöld munu í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins móta vinnumarkaðsstefnu sem hefur að markmiði að stuðla að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði og stuðla að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði.